



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2026
USK26020277

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 20.8.2026 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Vatnagarðar - Breyting á deiliskipulagi - Sundabakki 2 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. ágúst 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 12. ágúst 2026 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóðarinnar nr. 2 við Sundabakka, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Samfylkingin fagnar þessari breytingu á deiliskipulagi í Vatnagörðum vegna nýrrar dreifistöðvar Veitna, sem er mikilvægt skref í átt að grænum orkuskiptum. Þó svo að ekki hafi farið mikið fyrir loftslagsmálum hjá nýjum meirihluta þá eru þau enn sem áður stærsta viðfangsefni okkar. Ef Reykjavík á að vera í fararbroddi í loftslagsmálum verða innviðirnir að fylgja. Styrking raforkukerfisins er forsenda þess að ná fram orkuskiptum við höfnina, draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis og flýta fyrir grænum samgöngum. Samfylkingin leggur ríka áherslu á að málið hljóti vandaða kynningu í ferlinu og að hlustað verði á ábendingar hagsmunaaðila á svæðinu. Öflugt íbúalýðræði, gagnsæi og grænir framtíðarinnviðir verða alltaf að haldast í hendur.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík